

Fundargerð háskólaráðs

346. fundur föstudaginn 2. maí 2014

fundaherbergi 402, Borgum kl. 12 – 15.30

Staðgengill rektors Sigrún Stefánsdóttir - SS setti fund kl. 12.20.

Mættir voru auk hans:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs á Skype - FJ

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda - HEÁ

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins - HG

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins - HE

Boðuðu forföll:

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra og varamaður hennar

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs og varamaður hennar

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Solveig Hrafnisdóttir náms- og stafsráðgjafi - SH

Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor, út samráðsnefnd um framhaldsnám - GHF

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð, mál til kynningar

Fundargerð 345. fundar var samþykkt.

SS greindi frá því að nokkur störf við háskólann hafa nýlega verið auglýst laus til umsóknar sem og því, hvernig ráðningarferli stendur.

SS hefur borist tillaga um að við veitingu akademísku framgangs, sem er 1. júlí ár hvert, verði efnt til athafnar til að vekja athygli á viðburðinum. Háskólaráð styður hugmyndina.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, sem hefur verið „í láni“ hjá HÍ frá 2011 skv. sérstökum samningi, hyggst þiggja boð um fasta stöðu við HÍ.



2. Akademísk handleiðsla

1404018

Solveig Hrafnadóttir kom á fundinn og bauð SS hana velkomna.

Rakti hún tildrög þess að brotthvarfsteymi gæðaráðs HA ákvað að leggja fram mótaðar hugmyndir um akademíska handleiðslu til að vinna gegn brotthvarfi nemenda við skólann.

Viðamikil könnun var gerð meðal nemenda sem falla undir brotthvarfskilgreininguna: halda ekki áfram á öðru námsári grunnnáms (athugun á því er gerð 15. október).

Svarhlutfall í könnuninni var 76% og svarendur endurspegla þýðið vel. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í gæðaráði 2013. Ekki liggja fyrir sambærilegar tölur úr öðrum háskólum en þekkt er að allir háskólar fást við vandamálið. Í framhaldi af því ákvað brotthvarfsteymið að ráðast í vinnu sem leiða myndi til minnkunar brotthvarfs.

SH greindi frá helstu þáttum sem kannaðir voru og allra helstu niðurstöðum varðandi það af hvaða ástæðum nemendur hætta eftir fyrsta árið. Í stórum dráttum nefna staðarnemar og fjarnemar yfirleitt ekki sömu ástæðu/r fyrir brotthvarfi. En brottfall meðal fjarnema er meira. Ekki hafa verið sett niður ákveðin viðmið um hvað háskólinn getur unað við mikið brotthvarf. Könnunin sýnir ekki hvort nemendur komu aftur seinna í skólann.

Akademísk handleiðsla byggir á gömlum merg og hefur gefið góða raun víða.

SH fór ásamt fleirum til háskólans í Bodø til að kynna sér verkefnið ForVei (Forbyggende Veiledning) en tillaga um akademíska handleiðslu í HA byggir á því.

Með akademískri handleiðslu fá nemendur handleiðara sem m.a. veitir þeim viðtal í upphafi skólaárs. Viðtöl verða fleiri ef handleiðari eða nemandi telja þörf á því. Umræða varð og komu fram ýmsir punktar:

- Að mörg dæmi eru um að nemendur ætla sér um of (eru í vinnu og með heimili með skóla)
- Að tengja þarf fjarnema betur við skólann og við samnemendur sína, kynna þeim vel hvaða vinnuframlag felst í námi
- Félagslegt utanumhald um nemendur er mikilvægt

SH
SS
HA

- Hverjum ætti að fela handleiðsluna, eldri nemendum eða reyndum kennurum, flestir voru á þeirri skoðun að það ætti að vera innanhússfólk
- Hvar byrjar og endar handleiðslan
- Tækifæri geta falist í því að fela miðstöð skólaþróunar utanumhald um verkefnið
- Tilraun með að bjóða þriggja ára grunnám sem skilgreint fimm ára nám (valkostur) er áhugaverð
- Utanumhald um nemendur í auðlindadeild og eftirfylgni með námsferlum nemenda á heilbrigðisvísindasviði hefur gefist vel
- Í lagadeild hafa eldri nemendur óformlega leiðbeint öðrum
- Facebookhópar nemenda hafa gefið góða raun

Framkvæmdastjórn HA hefur ákveði að veita fé til að hefja verkefnið við HA haustmisserið 2014 í einhverjum mæli.

SS þakkaði SH fyrir og fór hún af fundinum.

3. Nýjar tölur um innritun nemenda

Þann 30. apríl höfðu 379 sótt um skólavist (grunnám) en 294 á sama tíma í fyrra. Mest fjölgun er í fjölmiðlafræði, sálfræði og framhaldsdeild á heilbrigðisvísindasviði, einnig er fjölgum í kennarafræði, auðlindafræði, o.fl.

Rætt var um hugsanlegar ástæður þess að minna er sótt í fáeinar námsbrautir.

SS taldi að starf markaðs- og kynningarsviðs skilaði góðum árangri, m.a. Háskóladagurinn. Háskólaráð lýsti ánægju með fjölgun umsókna.

4. Umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA

1302059

Guðmundur H. Frímansson kom á fundinn og bauð SS hann velkominn.

Greindi GHF frá því að eftir samráð við fulltrúa menntamálaráðuneytis var ákveðið að skólinn sækir um heimild til doktorsnám fyrir skólann í heild, eða fyrir þau þrjú fræðasvið sem viðurkennd eru við háskólann, þó að ætlunin sé að byrja með námið á tveimur sviðum. Umsóknin verður sett upp á nýtt eftir ábendingar, reiknað er með að hún verði tilbúin fyrir samráðsnefnd um framhaldsnám 20. maí nk.

Í sömu viku verði hún samþykkt í vísindaráði og gæðaráði HA. Eftir það kemur umsóknin til

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'GHF', 'SH', and 'HA'.

háskólaráðs til samþykktar, væntanlega á fund 23. júní.

GHF svaraði fyrirspurnum, m.a. varðandi kostnað við að bjóða upp á doktorsnámið.

Ennfremur hvort þess væri að vænta að menntamálaráðuneytið færi fram á að HA skilaði umsókn sinni í samvinnu við aðra háskóla, en það er ekki vitað.

SS þakkaði GHF fyrir og fór hann af fundinum.

5. Skipun í Menningarráð Eypings

1404036

Háskólaráð staðfesti tilnefningar HA til næstu tveggja ára. Kjartan Ólafsson lektor verður aðalfulltrúi og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir varafulltrúi.

6. Undirbúningur viðtala við umsækjendur um embætti rektors

1401153

SS gerði grein fyrir svari sínu við fyrirspurnum tveggja umsækjenda og öðrum undirbúningi sem átt hefur sér stað síðustu daga. HEÁ hefur unnið milli funda og gerði hún grein fyrir sinni heimildaöflun.

Laugardaginn 10. maí fara fram viðtöl háskólaráðs við ákveðna umsækjendur. M.a. verður leitað eftir framtíðarsýn þeirra fyrir hönd háskólans.

SS leggur áherslu á að aðalfulltrúar í háskólaráði mæti. Reiknað er með deginum til að ljúka störfum.

7. Önnur mál

SS kynnti ákvörðun gæðaráðs um að tvisvar á ári, í febrúar og október, geti útskriftarnemendur fengi skírteini sín afhent. Það er til að koma til móts við nemendur sem ljúka námi á öðrum tímum en hefðbundnum brautskráningartíma. Brautskráning verður eftir sem áður einu sinni á ári, í júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15.

4501
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir
Aðalfulltrúi